



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 13. fundur stjórnar KLÍ, 2010-2011

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Fimmtudag, 28.02.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Pórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Ómar Kristjánsson (ÓK) fundarritari
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður

Boðuð forföll: Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður

Fjarverandi:

Fundarritari: ÓK

Helstu mál: Fundargerð s.f., Kærum og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða með framkomnum breytingum.

2. Val á keilara ársins:

Stjórninni hefur borist tölvupóstur frá Soffíu Guðmundsdóttur um fyrirkomulag á vali á keilara ársins. Ákveðið að taka inn í valið meðaltal leikja í 1. og/eða 2. deild og er miðað við að lágmarksfjöldi leikja í deildinni nemi a.m.k. 2/3 hlutum af heildarfjölda leikja í 1. deild. Vægi miðist við töflu 2. Þessi ákvörðun gildir við val á keilara ársins 2011.

3. Kæra frá Arnari Sæbergssyni:

Tekin er fyrir kæra frá Arnari Sæbergssyni þar sem þess er krafist að leikir í 13. umferð 1. deildar karla, sem fór fram 8. febrúar sl., verði leikin aftur þar sem olíuburður hafi ekki verið í samræmi við keppnisáttmála. Úrskurður stjórnar er svohljóðandi: „Stjórnin hefur ákveðið að úrslit í leikjum 13. umferðar skuli standa og umferðin því ekki leikin aftur, en hvar hvernig var staðið að breytingu á olíuburði og lýsir því yfir að farið verður yfir verklag tækninefndar og mótanefndar með nefndarmönnum í því skini að koma í veg fyrir að ámóta mistök endurtaki sig.“

2. Tölvupóstur frá Stefáni Claessen:

Stjórninni hefur borist tölvupóstur frá Stefáni Claessen um frestaðan leik og fleiri atriði varðandi framkvæmd keilumóta í vetur. Orðalag póstsins var með þeim hætti að hann þótti ekki svara verður, en ákveðið að PI svaraði SC þó um frestun umrædds leiks.

3. Tillaga frá landsliðsnefnd:

Svo hljóðandi tillaga kom fram landsliðsnefnd: „Við hjá landsliðsnefnd höfum verið að velja fyrir okkur landsliðsmálum nú og til framtíðar. Okkur finnst keilarar vera áhugalausir að keppa fyrir Íslands hönd og hafa margir dregið sig úr landsliðunum eða gefa ekki kost á sér í þau verkefni sem eru á þessu ári. Þess vegna leggjum við það til að ekki verði sent karlalandslið á EM og kvennalandslið á HM“

Tillagan var samþykkt samhljóða og ákveðið að halda sem fyrst fund með landsliðsnefnd um framtíðarskipan landsliðsmála.

3. Önnur mál:

Ákveðið var vegna kæru SA og tengdra mála að PI, PMP og VG fundi með mótanefnd og tækninefnd í næstu viku til að fara yfir þau vandamál sem upp hafa komið og samræma verklag og ákveða verkaskiptingu milli nefndanna.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 19:20 – næsti fundur óákveðin.